

Starfsáætlun veturinn 2020-2021

Frístundaheimilið Álfakot

Markmið eða áherslur fyrir veturinn

Við stefnum á fjölbreytt og skemmtilegt starf í vetur í Álfakoti og ætlum að virkja börnin en meira í starfinu. Unnið verður með Barnasáttmála Sameinuðubjóðanna og barnalýðræði aukið. Þá verður áhersla lögð á líðan barna og verðum við með fræðslu um tilfinningar og hvernig hægt er að vinna með þær. Þá munu umhverfismál taka töluvert pláss, fræðslu um umhverfið og hvernig hægt er að fara vel með jörðina okkar.

Áherslur verða á eftirfarandi þætti:

- Barnasáttmálinn
- Barnalýðræði
- Tilfinningalæsi
- Umhverfislæsi

Lestur er lífsins leikur

Við ætlum að auka lestartmenninguna í Álfakoti og það gerum við meðal annars með því að gera lestrarýmin hjá okkur skemmtilegri og meira spennandi. Við stefnum á að vera með sögustund einu sinni í viku hjá okkur í vali þar sem lesin verður saga hún ígrunduð og skemmtileg verkefni unnin úr henni.

Við ætlum að merkja hluti og staði á frístundaheimilinu með nafni og myndum.

Við ætlum að vera með innskot tvisvar í viku þar sem við tölum um og fræðum börnin um umferðareglur, með dæmisögum og fleira.

Val og smiðjur

Valið hjá okkur er fjölbreytt og hægt að velja á milli 3-4 svæða á hverjum degi, hvert barn velur eitt svæði fyrir tiltekinn dag.

Dæmi um val:

- Hjartarými (frjáls leikur, lita, spila,)
- Listakot (mála,leira,föndur)
- Tilraunir
- Perl
- Íþróttahús
- Just Dance
- Bókasafn
- Tölvur
- Útivera

Við munum leggja upp með fjölbreyttar smiðjur sem vekja áhuga hjá börnunum og hafa reglulega eitthvað nýtt. Þær smiðjur sem settar verða upp verða valda í samvinnu við börnin og þeirra áhuga. Smiðjurnar eru einu sinni í viku, 4 vikur í senn. Með þessu skipulagi er hægt að vinna að verkefni með krökkunum sem tekur meiri tíma en 1. Klst.

Dæmi um smiðjur

- Föndursmiðja
- Perlsmiðja
- Baksturssmiðja
- Vísindasmiðja
- Listasmiðja
- Forritunarsmiðja
- Íþróttasmiðja
- Sögugerðamiðja
- Leikjasmiðja
- Heimurinn og ég smiðja
- Fræðslusmiðja
- Stuttmyndasmiðja
- Tónlistarsmiðja
- Ævintýrasmiðja
- Leiðangurssmiðja

Foreldrasamstarf

Síðustu ár hafa foreldrar kvartað undan hversu mikill póstur berst frá skólanum og þessa vegna höfum við ákveðið að senda frekar út fréttabréf mánaðarlega, en reglulega tölvupóst, þar sem farið er yfir síðasta mánuð og sagt frá hvað er á döfinni næsta mánuð.

Þetta hefur reynst vel og ætlum við að halda því áfram.

Starfsmannamál/starfsþróun

Í Álfakoti erum við það heppin að flest allt starfsfólk okkar hefur verið að vinna hér í eitt ár eða meira. Það er hefur verið mjög góður starfsandi hjá okkur og stefnum við á að halda því.

Við leggjum mikið upp úr því að bæði starfsfólki og börnum líði vel í Álfakoti og fái að hafa skoðun og áhrif á starfið. Við nýtum þann mannauð sem við höfum í starfsfólkinu og þá hæfileika og þann áhuga starfinu okkar til framdráttar.

Annað

Við leitumst við í starfinu að skapa og nota efnivið sem ekki aðeins er náttúrulegur heldur einnig auðnýtan legur og með langan líftíma, m.a. auðfenginn og ofnæmisfrían efnivið. Í Álfakoti gerum við okkar eigin leir og höldum smiðjur í leikfangagerð með hluti sem annars myndu enda í sorptunnum. Þetta er meðal annars okkar nálgun í hvernig má kenna bæði leik og náttúruvarðveislu.

Engidalsskóli er Grænánaskóli og vinnum við í Álfakoti eftir því. Við leggjum upp með að flokka og kenna krökkunum á mikilvægi þess og reynum að nota plast eins lítið og hægt er. Við pössum upp á matarsóun og reynum að kenna börnunum um matarsóun og hvað sé hægt að gera til að koma í veg fyrir hana.